

Nd.

558. Nefndarálit

um frumvarp til laga um prestakallasjóð.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Meiri hl. nefndarinnar telur, að réttara sé að færa frumvarpið í það horf, að fé það, sem rikissjóði sparast við það, að prestakall er prestslaust, komi viðkomandi prestakalli sjálfu að notum og verði varið til að tryggja það, að kirkjuleg starfsemi leggist þar ekki í auðn.

Fyrir því leggur meiri hlutinn til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Aftan við fyrri málslíð greinarinnar bætist: og er eign hlutað-eigandi prestakalls.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
Fé því, sem prestakallasjóði áskotnast samkv. 1. gr., skal varið, eftir tillögum kirkjuráðs, til að tryggja eftir föngum, að prestaköllin séu sem sjaldnast prestslaust, svo sem með því að verja því til bygginga á prestssetrunum, til kirkna og annars þess, sem ætla má, að geri prestaköllin eftirsóknarverðari eða bæti aðstöðu til kirkjulegrar starfsemi í þeim. Þó má aldrei verja fé prestakallasjóðs til uppbotar á launum presta.
3. Fyrirsögn frumvarpsins verði: Frumvarp til laga um prestakallasjóði.

Alþingi, 5. maí 1933.

Sveinbjörn Högnason,
frsm.

Guðbr. Ísberg,
fundaskr., með fyrirvara.
Jóhann Þ. Jósefsson.

Steingr. Steinþórsson,
með fyrirvara.

Ed.

559. Breytingartillaga

við frv. til laga um virkjun Sogsins.

Frá Jóni Þorlákssyni.

Við 3. gr. Fyrir orðin „gera þær umbætur“ komi: gera nauðsynlegar umbætur.